

Miðvikudaginn 10. júní 1964.

Nr. 90/1964. **Oddviti Njarðvíkurhrepps f. h. hreppsins**
 gegn
Byggi h/f.

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
 og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfa-
 son og Theodór B. Lindal.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með
 kæru 1. apríl 1964 og krafizt þess, að hinn kærði frávis-
 unardómur verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í
 hérað til dómsálagningar að efni til. Svo krefst hann og
 kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og
 kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að
 staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr.
 2000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, oddviti Njarðvíkurhrepps f. h. hrepps-
 ins, greiði varnaraðilja, Byggi h/f, kærumálskostnað,
 kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. marz 1964.

Mál þetta var höfðað með stefnu, sem birt var 23. júní 1959,
 af Jóni Ásgeirssyni sveitarstjóra f. h. Njarðvíkurhrepps í Gull-
 bringusýslu gegn Byggi h/f, Reykjavík.

Mál þetta var tekið til dóms 21. febrúar s.l.

Dómkröfur:

Af hálfu stefnanda er þess krafizt, að Byggir h/f verði dæmdur til að greiða stefnanda útsvar, samtals að fjárhæð kr. 198.000.00, með 1% vöxtum á mánuði

- af kr. 30.000.00 frá 15. júlí til 15. október 1956,
- — 60.000.00 frá 15. október 1956 til 15. júlí 1957,
- — 93.000.00 frá 15. júlí til 15. október 1957,
- — 126.000.00 frá 15. október 1957 til 15. júlí 1958,
- — 162.000.00 frá 15. júlí 1958 til 15. október 1958, og
- — 198.000.00 frá 15. október 1958 til greiðsludags.

Þá er krafizt málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu stefnda er aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar. Til vara er krafizt sýknu að svo stöddu, enda verði málskostnaður þá látinn niður falla.

Rekstur málsins:

Mál þetta var þingfest 25. júní 1959. Af hálfu stefnanda var þá lögð fram stefna, greinargerð, fógetaréttargerðir og sjö skjöl önnur. Greinargerð af hálfu stefnda var lögð fram 10. september 1959, og fylgdi henni eitt skjal. Síðan var gagnaöflun haldið áfram og lagt fram skjal af hálfu stefnanda 19. nóvember 1959. Gagnaöflun var lýst lokið 25. október 1962, og var málið tekið til munnlegs flutnings 25. júní 1963. Þá voru enn lögð fram þrjú skjöl.

Hinn 13. september 1963 var upp kveðinn í málinu svohljóðandi úrskurður:

„Áður en dómur gengur í máli þessu, ber samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 að gefa aðiljum kost á að upplýsa þessi atriði:

Hvaða fasteignir, ef einhverjar voru, hafði Byggir h/f til afnota í Njarðvíkurhreppi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, með hverjum hætti hafði félagið ráð yfir þeim og til hvers voru þær notaðar?

Átti Byggir h/f tæki í hreppnum á þessum tíma, og hvar voru þau skrásett, ef um slíkt var að tefla?

Annað, sem framanritað kann að gefa tilefni til.

Ályktarorð:

Aðiljum er gefinn kostur á að afla framantalinna gagna.“

Málið var tekið fyrir á bæjarþinginu 21. febrúar s.l. Þá var af hálfu stefnanda lagt fram vottorð Zóphóníasar Pálssonar skipulagsstjóra, uppdráttur, gerður af honum, og eitt annað skjal, en

af hálfu stefnda aðiljaskýrsla framkvæmdastjóra félagsins. Framkvæmdastjórinn kom síðan fyrir dóm, að gefnu tilefni frá dómara.

Eftir að málið var dómtekið, sneri dómariinn sér til varnarmáladeildar Utanríkisráðuneytisins og fékk frá deildinni upplýsingar í bréfi, sem dagsett er 18. þ. m.

Málavextir:

Mál þetta er höfðað til innheimtu veltuútsvara fyrir útsvarsárin 1955, 1956 og 1957, sem lögð voru á stefnda í Njarðvíkurhreppi á gjaldárunum 1956, 1957 og 1958. Útsvör þau, sem á voru lögð 1956 og 1958, voru á sínum tíma felld niður af Ríkisskattanevnd. Útsvarið, sem á var lagt 1957, hefur hins vegar ekki verið tekið til úrskurðar af Ríkisskattanevnd og ekki heldur af viðkomandi yfirsattanevnd. Er komið fram í málinu, að útsvarinu var bréflaga „mótmælt“ af stefnda, og að lögmaður stefnanda ritaði félaginu af því tilefni svarbréf, dagsett 18. október 1957, þar sem segir m. a., að félagið hafi ekki kært útsvarið. Af hálfu þess er því hins vegar haldið fram, að útsvarið hafi verið kært í fyrrnefndu bréfi félagsins, en þeirri kæru aldrei verið svarað, enda virðist málið aldrei hafa verið úrskurðað í hreppsnevnd Njarðvíkurhrepps.

Í stefnu í máli þessu segir m. a.: „.... stefndur hefur á undanförunum árum, þ. á m. á árunum 1955—1959, haft atvinnurekstur á Keflavíkurflugvelli í Njarðvíkurhreppi og hefur þann atvinnurekstur enn. Hefur félagið þar húsnæði og auglýsir þar starfsemi sína.“ Í greinargerð lögmanns stefnanda segir, að starfsemi stefnda á Keflavíkurflugvelli hafi að mestu verið byggingarstarfsemi. Í fógetagerðum þeim, sem lagðar voru fram, þegar mál þetta var þingfest, er bréf frá sveitarstjóra Njarðvíkurhrepps til lögmanns hreppsfélagsins, dagsett 23. júlí 1957. Þar segir, að stórt auglýsingaskilti sé við aðalveg á Keflavíkurflugvelli, þar sem standi skráð:

„BYGGIR LTD. & ASSOCIATES
Maintenance Contractors
TEL 7992 — 6069 — 80161.“

Þá segir í bréfinu, að Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur hafi síma 7992, Byggir h/f í Reykjavík síma 6069, en að sími 80161 sé ekki í símaskrá, en vera megi, að fyrirtækið Verklegar framkvæmdir hafi þenna síma. Í bréfinu er enn fremur vísað í Lögbirtingablað frá 13. júlí 1957. Þetta blað er að finna

í fógetagerðunum. Þar er auglýsing frá varnarmáladeild Utanríkisráðuneytisins, þar sem segir, að Byggir h/f sé meðal íslenzkra verktaka varnarliðsins. Meðal skjala, sem lögð voru fram við þingfestingu máls þessa, var afrit af bréfi, sem áður er nefnt og lögmaður stefnanda ritaði stefnda 18. október 1957. Þar segir m. a.: „Svo sem kunnugt er, hafið þér undanfarin ár haft útibú í Njarðvíkurhreppi á Keflavíkurflugvelli og rekið þar umfangsmikinn atvinnurekstur, enda haft þar af miklar tekjur, ef ekki aðaltekjur yðar.“

Þá var enn fremur, þegar mál þetta var þingfest, lagt fram bréf frá sveitarstjóranum í Njarðvíkurhreppi til lögmanns hreppsins, dagsett 16. febrúar 1959. Þar segir, að stefndi sé með og hafi verið með „bragga (messa) fyrir mötuneyti sitt ásamt tveimur svefnbröggum, nr. 2316 og 2318 á Keflavíkurflugvelli“.

Hinn 25. júní 1963 lagði málflutningsumboðsmaður stefnanda fram uppdrátt af hluta Keflavíkurflugvallar, þar sem mörkuð höfðu verið hreppamörk og staðir, þar sem sveitarstjóri stefnanda kveður stefnda hafa haft auglýsingaskilti og fasteignir til umráða. Hinn 21. febrúar s.l. var síðan lagt fram vottorð frá Zóphóníasi Pálssyni skipulagsstjóra um hreppamörk Hafna- og Njarðvíkurhreppa og uppdráttur, þar sem sýnd er hreppamarkalínan, þar sem hún liggur um hverfið „Contractors Camp“. Kemur fram á uppdrætti þessum, að skálar, merktir nr. T-2316 og T-2318, eru í Njarðvíkurhreppi.

Hér að framan hefur verið rakið allt það, sem fram er komið af hálfu stefnanda og varðar þau atriði, sem upplýsa þarf, svo að efnisdómur verði lagður á mál þetta.

Af hálfu stefnda hafa ýmsar yfirlýsingar komið fram um málavexti.

Framkvæmdastjóri stefnda hefur skýrt svo frá, að félagið hafi haft með höndum starfsemi á Keflavíkurflugvelli á árunum 1955—1957, en hún verið nokkuð breytileg og ekki stöðug. Hafi við og við orðið hlé á, m. a. oft á 2—3 mánaða tíma á veturna, og hafi þá enginn verið þar syðra á vegum Byggis h/f, nema vaktmaður. Starfsemin var að sögn framkvæmdastjórans víða um völinn og nágrenni og fólgin í viðhaldi húsa og merkingu brauta. Skýrði hann svo frá, að varnarliðið hefði lagt félaginu til húsnæði og að félagið hefði hvorki átt innréttingar né rúmstæði í húsi þessu. Ekki kvaðst framkvæmdastjórinn muna númer svefnskála, sem starfsmenn stefnda hefðu haft til afnota, og ekki sagðist hann geta bent á þá á uppdrætti. Hann

kvað stefnda ekki hafa rekið mötuneyti á flugvellið, en starfsmenn félagsins snætt á vegum bandaríska flughersins.

Vörubirgðir kvað hann félagið hafa átt á flugvellið og handverkfæri, en ekki önnur verkfæri, enda hefðu þau verið tekin á leigu eftir þörfum. Framkvæmdastjórinn sagði, að Byggir h/f hefði enga skrifstofu haft á Keflavíkurflugvelli og að allar kaupgreiðslur hefðu farið fram í Reykjavík. Hann kvað símalínu hafa verið lagða í herskála á flugvellið, sem félagið hefði haft til afnota.

Fram er komið í málinu, að Byggir h/f var skrásett í Reykjavík 1945. Segir í hlutafélagaskrá borgarinnar, að útibú sé ekkert. Í ýmsum skjölum þessa máls, er komin eru frá stefnda, er því haldið fram, að skrifstofuhald félagsins sé í Reykjavík að öllu leyti og það hafi greitt hér í borg opinber gjöld af allri starfsemi sinni.

Af hálfu stefnanda hefur skýrslu framkvæmdastjóra stefnda verið mótmælt sem rangri.

Eftir að mál þetta var tekið til dóms 21. febrúar s.l., sneri dómariinn sér til varnarmáladeildar Utanríkismálaráðuneytisins. Hefur borið bréf frá varnarmáladeildinni, dagsett 18. þ. m., þar sem segir:

„Með vísun til samtals við yður, herra borgardómari, hefur ráðuneytið aflað eftirfarandi upplýsinga um afnot fyrirtækisins Byggir and Associates af skemmum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Hinn 14. marz 1955 var þeim afhent skemma nr. 403.

Hinn 12. júlí 1957 var þeim afhent skemma nr. 2339.

Hinn 18. febrúar 1958 voru þeim afhentar skemmur nr. 2316 og 2318.“

Samkvæmt uppdráttum þeim, sem liggja frammi í málinu, eru skálar, merktir nr. T 2316 og T 2318, í Njarðvíkurhreppi, sem fyrr segir, svo og skáli nr. T 2339. Ekki verður séð af uppdráttum þessum, hvar skáli nr. 403 er.

Álit dómara:

Á skortir, að af hálfu stefnanda hafi verið gætt nægilega ákvæða 105. og 114. gr. laga nr. 85/1936. Hefur málið ekki orðið nægilega upplýst þrátt fyrir ábendingu dómara samkvæmt 120. gr. sbr. 115. gr. laganna, og aðrar tilraunir hans til að svo mætti verða, sem gerðar hafa verið í samræmi við fordæmi og á grundvelli meginreglunnar í 115. gr. laganna, hafa ekki borið fullnægjandi árangur.

Ekki liggur fyrir í máli þessu, hvort Byggir h/f hafði til afnota byggingar á Keflavíkurflugvelli allan þann tíma, sem krafðið er um útsvar fyrir, hvaða byggingar félagið hafði á hverjum tíma og til hvers þær voru notaðar hver um sig. Sem fyrr er fram komið, er því haldið fram í skjölum, sem lögmaður stefnanda hefur undirritað, að stefndi hafi haft umfangsmikinn atvinnurekstur í Njarðvíkurhreppi, að mestu byggingarstarfsemi. Ekki hefur þetta verið rökstutt frekar, en skýrslu framkvæmdastjóra stefnda um starfsemi félagsins á Keflavíkurflugvelli hefur hins vegar verið mótmælt sem rangri.

Þegar af þeirri ástæðu að þessar upplýsingar liggja ekki fyrir, ber að vísa máli þessu frá dómi án kröfu samkvæmt 116. gr. laga nr. 85/1936. Eftir 1. mgr. 180. greinar laganna ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir vera hæfilega ákveðinn kr. 1.500.00.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þenna. Hefur dómsuppsagan dregið vegna tilrauna dómara til að afla upplýsinga um málavexti.

Dómsorð:

Bæjarþingsmáli nr. 629/1959 er vísað frá bæjarþingi Reykjavíkur.

Stefnandi, Njarðvíkurhreppur, greiði stefnda, Byggi h/f, kr. 1.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
